



Kópavogi, 9. maí 2022.

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2023-2027, 513. mál.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vilja með umsögn þessari um ofangreinda þingsályktunartillögu leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:

Samgöngusáttmálinn

Í tillögunni er að finna nokkra umfjöllun um Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem undirritaður var hinn 26. september 2019 og verkefni Betri samgangna ohf. honum tengd. Eins og fram kemur í tillögunni er Samgöngusáttmálinn viðtæk uppbyggingaráætlun til 15 ára sem ætlað er að mæta áskorunum um einsleitar ferðavenjur, tafakostnað, hávaða og svifryk. Svo markmið sáttmálans náist er mikilvægt að fjármögnun til hans sé tryggð af hendi ríkisins eins og í Samgöngusáttmálanum greinir.

Framlag til almenningsamgangna

Á bls. 268 segir eftirfarandi um samning ríkisins og SSH um eflingu almenningsamgangna:

„Unnið er að endurskoðun á samningi ríkis og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningsamgangna í samræmi við viljayfirlýsingu þar um sem undirrituð var samhliða undirritun samgöngusáttmála. Samkvæmt samningnum hefur ríkið lagt um 1 ma.kr. til reksturs almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu á ári hverju. Gert er ráð fyrir að gildistími samningsins verði framlengdur um 12 ár eða til ársins 2034. Stefnt er að því að farþegum muni fjölga á tímabilinu og þar með farþegatekjur. Eins og hingað til munu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu áfram bera ábyrgð á rekstri á almenningsamgöngum innan höfuðborgarsvæðisins.“

Rétt er að árétta eftirfarandi umfjöllun SSH sem sett var fram í umsögn samtakanna við frumvarp til fjárlaga, dags. 10. desember 2021:

„Hinn 7. maí 2012 var undirritað samkomulag til tíu ára á milli ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu með 1.000 mkr.“

Þau B.



árlegum framlögum á föstu verðlagi úr ríkissjóði, þar af skyldu 900 mkr. ganga til eflingar almenningsgangna innan höfuðborgarsvæðisins og 100 mkr. vegna tengingar þess við nálæg atvinnusóknarsvæði. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skuldbundu sig á móti til að leggja a.m.k. sömu fjárhæð að raunvirði og gert var á árinu 2012. Framlögin gengu beint til Strætó bs. sem hefur haldið utan um verkefnið. Hafa framlög sveitarfélaganna til verkefnisins reynst um 6,7 ma.kr. að raunvirði umfram samningsskuldbindinguna en framlög ríkisins hafa verið tæpum 1,5 ma kr undir samningsskuldbindingunni ef framlagið 2022 kemur til framkvæmda með áætluðu vísitöluálagi.

Nánar má sjá skiptingu framlaga í töflunni hér að neðan.

Framlag ríkis	2012*	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021**	2022	Alls
Framlag greitt	350	903	823	806	890	890	905	887	900	905		8.258
Framlag skv vísitölu 6. gr. iii	350	924	968	1.005	1.070	1.144	1.200	1.247	1.297	1.329	812	11.345
mism	0	-21	-145	-199	-181	-254	-294	-359	-397	-424		-2.274
Framlag sveitarfélaga í SSH												
Framlag greitt	2.576	2.712	2.823	2.952	3.032	3.226	3.557	3.990	4.240	4.337		33.445
Framlag á föstu verðlagi	2.576	2.643	2.625	2.665	2.509	2.498	2.626	2.834	2.896	2.887		26.760
mism	0	69	198	287	523	728	932	1156	1344	1450		6.685

*) Ríkisframlag var 350 m.kr. árið 2012 enda kom samningur til framkvæmda að hausti og gert ráð fyrir að 550 mkr á verðlagi 2012 komi 2022

**) Skv. fjárlögum og fjárhagsáætlun Strætó bs.

Sömu aðilar gerðu með sér sérstakt samkomulag um þetta efni í tengslum við undirritun Samgöngusáttmálans 26. september 2019 þar sem annars vegar var ákveðið að framlengja samkomulagið um tólf ár eftir endurskoðun þess til 2034 og hins vegar ákveðið að miða við að árleg framlög til verkefnisins í tillögu ráðherra til þingsályktunar um samgönguáætlun verði að lágmarki óbreytt að raunvirði út tímabilið.

Nú er að störfum sérstakur starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna tillögur að endurskoðuðu samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu, til samræmis við framangreint.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi öflugra almenningsgangna í þróun mannvænni svæða og til að ná fram ábata af minni umferðatöfum og lægri samfélagslegum kostnaði vegna samgangna. Ef markmið um breyttar ferðavenjur eiga að ná fram að ganga þá verður ríkið að koma með auknum krafti að rekstri almenningsgangna enda eru skilvirkar og góðar almenningsgangur forsenda þess að fólk nýti sér þær.



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

SSH leggja áherslu á að fullnægjandi framlög til eflingar almenningsamgangna séu tryggð og að þeirra sé skýrt getið í fjárlögum enda mun hafa verið gert ráð fyrir þeim við gerð samgönguáætlunar og fjármálaáætlunar.“

Verður ekki annað séð en að ofangreind sjónarmið eigi enn að fullu við, en fyrirhugað er að viðræðum um endurskoðun samkomulags ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningsamgangna ljúki á næstu vikum. Eins og fram kemur í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun er það svo að „*efling almenningsamgangna og aukin hlutdeild þeirra í ferðamálaþali stuðlar með veigamiklum hætti að velsældaráherslu um kolefnishlutlausu framtíð.*“ Er því stefnt, sbr. m.a. markmið samgönguáætlunar, að auknu hlutfalli þeirra sem nýta sér umhverfisvænni samgöngumáta, s.s. almenningsamgöngur, á næstu árum. Svo að þau markmið náist er jafnframt ljóst að fjármagn til þeirra þarf að vera tryggt. Er því mikilvægt að tryggja vísitölubindingu framlaga ríkisins, ásamt uppgjöri á verðbótaþætti samnings frá 2012. Auk þess þarf að tryggja aðrar leiðir til fjármögnunar sem sátt þarf að nást um milli ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í þeim viðræðum sem nú standa yfir.

Greining á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020.

Fyrir liggur skýrsla starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020. Hefur ríkisstjórnin nú þegar samþykkt skipun starfshóps sem á að móta tillögur varðandi kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Starfshópnum er ætlað að skila tillögum fyrir 15. október 2022. Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu er rekstrarniðurstaða á árinu 2020 um 8,9 milljarðar kr. og hefur þrefaldast milli áranna 2018 og 2020. Ljóst er að töluvert hallar á sveitarfélögin þegar kemur að fjármögnun málaflokksins og mikilvægt að niðurstöður í málið fáiist sem fyrst. Því er því velt upp hvort ekki þurfi að flýta vinnu starfshópsins svo niðurstöður liggi fyrir fyrr en 15. október n.k., en t.d. er brýnt að nægt svigrúm sé til viðræðna samhliða gerð fjárlaga og fjárhagsáætlana sveitarfélaganna.

Virðingarfyllst,
f.h. SSH

Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH